

21. nóvember 1975.

985

Nr. 490.

REGLUGERÐ um bann við veiði síldar.

1. gr.

Frá og með 1. desember og þar til öðruvísi verður ákveðið eru allar síldveiðar bannaðar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu, sem dregin er réttvisandi suðaustur frá Eystra-Horni suður um og vestur að línu, sem dregin er réttvisandi norðvestur frá Rit.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 með síðari breytingum og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 223 19. ágúst 1974 um bann við veiði smásíldar ásamt síðari breytingum þ. e. a. s. reglugerðum nr. 381/1975 og 481/1975.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. nóvember 1975.

F. h. r.

Dórður Ásgeirsson.

Jón B. Jónasson.

24. nóvember 1975.

Nr. 491.

AUGLÝSING um breytingu á reglum um innflutning með greiðslufresti.

Úr auglýsingu nr. 5 frá 3. febrúar 1972 falli niður eftirtaldar vörur og er því óheimilt að flytja þær inn með greiðslufresti:

Tollskr. nr.	Vörutegund
84.09.00	Sjálfknúnar vegþjöppur.
84.11.01	Heyblásarar.
84.22.03	Lyftikranar.
84.22.05	Heyblásarar (til að færa hey).
84.22.06	Færibönd og sniglar ót. a.
84.22.07	Hlaupakettir með lyftuútbúnaði; lausir og ásamt brautum.
84.22.08	Pallyftur á bifreiðar.
84.22.09	Annað.

B 124